

DATE

04/09/2023

Mat á áhrifum á vatnshlot af framleiðslu fyrirtækisins á eldislaxi við starfstöðvar þess í Ísafjarðardjúpi í samræmi við vatnaáætlun Íslands 2022-2027.

TIL

Umhverfisstofnun

Í minnisblaði þessu er lagt mat á líffræðilega, efna- og eðlisfræðilega gæðapætti Arctic Sea Farm (ASF) í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar (UST) byggðar á stefnumörkun sem fram koma í ákvæðum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Vatnshlotið sem eldissvæði ASF við Ísafjarðardjúp er staðsett í er skilgreint sem strandsjór og því gerð krafa til að lagt sé mat á eftirfarandi gæðapætti:

Svifþörungar (blaðgræna a)
Hryggleysingjar á mjúkum botni
Þörungar á hörðum botni
Næringarefni ($\text{NO}_4 + \text{PO}_4$)
Forgangsefni

Við umhverfismat framkvæmda var lagt mat á hugsanleg áhrif hryggleysingja á mjúkum botni ásamt losun fosförs og niturs.¹ Reglubundnar mælingar á þessum gæðapáttum á eldissvæðum fyrirtækisins við Tálknafjörð, Patreksfjörð, Arnarfjörð og Dýrafjörð gefa ekki tilefni til að ætla að starfsemi ASF við Ísafjarðardjúp komi til með að hafa áhrif á vatnshlotið þannig að það falli um flokk.

Botngerð við Ísafjarðardjúp á þeim svæðum er starfsemi ASF mun verða á er að stærstum hluta mjúkur botn og því var ekki talið tilefni til að meta sérstaklega áhrif á stórpörunga á hörðum botni.² Fyrri rannsóknir benda til þess að áhrifasvæði fiskeldiskvíva sé mest undir kvíastæðum og áhrif eldis minnki hratt eftir því sem fjarlægð frá kvíum eykst.¹ Ólíklegt verður að teljast að losun næringarefna og rask á botni sé í slíku magni eða þess eðlis að það geti haft áhrif á stórpörunga á stærra svæði. Er það því mat ASF að framleiðsla fyrirtækisins við Ísafjarðardjúp hafi ekki neikvæð áhrif á stórpörunga í vatnshlotinu.

Ekki er líklegt að áhrifa gæti á forgangsefna sem listuð eru í A-hluta lista III í viðauka við reglugerð nr. 796/1999 að neinu marki. Ekki er um að ræða framleiðslu þar sem þau efni eða efnahvörf sem ætla má að skilji út efni sem listuð eru í upptalningu forgangsefna. Ekki er því tilefni til að áætla að framleiðsla ASF valdi aukningu þeirra í því magni sem væri þess valdandi að vatnshlotið falli um gæðaflokk

Blaðgræna hefur ekki verið mæld við Ísafjarðardjúp en ætla verður með tilliti til stærðar vatnhlotsins, straumstyrks á svæðinu og það hversu almennt

¹ Viðhengi 1 - Mat á umhverfisáhrifum – Matsskýrsla. 8.000 tonna laxeldi og/eða silungselði í Ísafjarðardjúpi. Framleiðsluaukning um 3.800 tonn í kynslóðaskiptu eldi - 9.júní 2020.

² Viðhengi 2 - Grunnrannsóknir á eldissvæðum ASF, unnar af Akvaplan Niva

DATE

04/09/2023

TIL

Umhverfisstofnun

næringarsnauð strandsjávarvatnshlot við Vestfirði eru, að litlar líkur séu á því að sú næringarefna útfelling sem á sér stað við fiskeldi verði þess valdandi að auka styrk blaðgrænu í vatnshlotinu að því magni að það felli vatnshlotið um flokk.

ASF mun í samráði við UST og ráðgjafa og rannsóknarfyrirtækið Akvaplan-niva setja upp vöktunaráætlun þar sem vaktadir verða vatnsgæðapættir líkt og krafa er gerð um í vatnatilskipun, í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og með hliðsjón af leiðbeiningum frá Hafrannsóknarstofnun sem gefnar hafa verið út.

F.h Arctic Sea Farm

Elvar Steinn Traustason
Gæða, leyfis og rannsóknarstjóri